

ar herra amtmaður skal hjer með vinnumaður Ólafur Jóhannesson á Hlíðarhúsum við **123**
Reykjavík sœmdur 25 króna verðlaunum fyrir dugnað þann og snarræði, er hann sýndi **11. okt.**
við björgun nokkurra manna úr sjávarháská í aprílmánuði 1875.

Avisun á nefnda upphæð fylgir hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiðtsýfirvaldanna um húsaleigustyrk við* **124**
prestaskólann. — Samkvæmt tillögum stiðtsýfirvaldanna í brjefi frá 2. þ. m. **11. okt.**
veitist hjer með stúdent Morten Hansen, þó hann eigi heima í Reykjavík, 80 kr. styrk-
ur af fje því, sem veitt er með 13. gr. B I b., fjárlaganna til húsaleigu handa læri-
sveinum prestaskólans, og eru stiðtsýfirvöldin beðin að hlutast til um, að nefnd upphæð
verði borguð.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **125**
hjóðaskilnað. — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30. ágúst þ. á. meðtók jeg **11. okt.**
bónarbrjef frá konunni Guðbjörgu Jónsdóttur á Tindum um skilnað að borði og sæng við
bónda sinn Björn Eysteinnsson á Hurðarbaki, þrátt fyrir það, þótt hann hafi ekki fengizt
til að fara þess á leit með henni.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-
eiganda, að með því að ekki er borin fram önnur ástæða til hins umbeðna hjóðaskiln-
aðar en ólíkir geðsmunir, getur ekki komið til tals að veita hann gegn vilja annars
hjóðanna.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **126**
styrk til vjelasmíðisnáms. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í **15. okt.**
brjefi frá 30. f. m. hefi jeg veitt prófastinum í Eyjafjarðarsýslu 200 kr. styrk úr lands-
sjóði upp í kostnaðinn við að koma Jóni Árnasyni frá Skútum í verkvjelasmíðisnám, og
hefi jeg samkvæmt beiðni prófastsins gjórt ráðstöfun til að upphæð þessari verði ávísað
Tryggva alþingismanni Gunnarssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn, þegar hann um það
snýr sjer til ráðgjafans fyrir Ísland. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar
og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um styrk* **127**
handa kvennskóla. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra sýslu- **15. okt.**
maður, mælt fram með beiðni hlutaðeigandi forstöðunefndar um styrk úr landssjóði handa
kvennskóla, sem í ráði er að stofna í haust í sýslu yðar.

Út af þessu vil jeg með sjerstöku tilliti til þess, að sýslunefndin hefur veitt þessari
stofnun 200 kr. þetta ár, hjer með leggja tjeðum skóla 100 kr. styrk af fje því, sem ákveðið
er úr landssjóði til vísindalegra og verklegra framkvæmda. Býst jeg við, að sýslunefndin
hafi hið nauðsynlega eptirlit með, að því fje, sem lagt er úr almennum sjóði til fyrirtækis
þessa, verði varið samkvæmt tilætluninni, og mun jeg, undir eins og jeg er búinn að fá
vottorð sýslunefndarinnar um, að skólinn sje byrjaður, ávísa nefndinni tjeðum styrk til
útborgunar úr jarðabókarsjóði.